



KPMG ehf.
Borgartun 27
105 Reykjavík
Iceland

Telephone +354 545 6000
Fax +354 545 6001
Internet www.kpmg.is

Fjármála- og efnahagsráðuneytið skrifstofa skattamála

Reykjavík, 11. nóvember 2021.

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (gjalddagar tekjuskatts og útvarpsgjalds, refsínæmi o.fl.).

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur birt til umsagnar framangreind drög að lagafrumvarpi. KPMG hefur kynnt sér drögin og setur fram efirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Lögaðilar til almannaheilla

Samkvæmt gildandi löggjöf er eitt af skilyrðum fyrir undanþágu lögaðila frá greiðslu tekjuskatts á grundvelli 9. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að hann sé skráður á „sérstaka almannaheillaskrá hjá fyrirtækjaskrá Skattsins“. Í a-lið 1. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að hinni sérstöku almannaheillaskrá verði ekki skipað innan skráarhalds fyrirtækjaskrár heldu annist ríkisskattstjóri (Skatturinn) það skráarhald sem skattyfirvald. KPMG gerir ekki athugasemd við þá tillögu.

Hins vegar gerir KPMG athugasemdir við þá tillögu í b-lið 1. gr. frumvarpsdraganna að auka við tveimur nýjum skilyrðum fyrir skráningu á hina sérstöku almannaheillaskrá. Þau skilyrði bera mjög svipmót af skilyrðum sem sett voru fyrir tímabundnum lokunarstyrkjum, tekjufallsstyrkjum og viðspyrnunstyrkjum til viðbragða við heimsfaraldri kórónuveiru.

Lagt er til það skilyrði fyrir skráningu lögaðila á sérstaka almannaheillaskrá „að staðið hafi verið skil á ársreikningi“. Hvorki verður af orðum ákvæðisins sjálfs, né af umfjöllun í greinargerð, með vissu ráðið hverjum lögaðili skal standa skil á ársreikningi. Auk umræddra frumvarpsdraga hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið birt til umsagnar drög að reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Reglugerðardrögin hafa m.a. að geyma frekari fyrirmæli um skráningu lögaðila á sérstaka almannaheillaskrá. Um skilyrði skráningar segir m.a. í reglugerðardrögunum „Staðið skal skil á ársreikning fyrria árs eða sýnt sýnt fram á að ársreikningi hafi verið skilað til bærara stjórnvalda.“ Af þeim orðum má helst ætla að mælt sé fyrir um sjálfstæða skilaskyldu ársreiknings, væntanlega til skráarhaldarans ríkisskattstjóra sem skattyfirvalds, nema efnd hafi verið önnur lögboðin skylda til skila á ársreikningi. Ákvæði 9. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 nær einvörðungu til lögaðila sem falla undir 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga og ekki stunda atvinnu samanber tilvísun til 5. tölul. 4. gr. sömu laga. Á slíkum lögaðilum hvílir ekki skilaskylda ársreikninga til ársreikningaskrár, hvorki samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 6/2003, um ársreikninga, né samkvæmt V. kafla laga nr. 33/1999, um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur. Á lögaðilum sem falla undir 9. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 hvílir ekki framtalsskylda samkvæmt 90. gr. sömu laga með tilheyrandi skyldu til skila á ársreikningi. Vandséð er til hvaða annarrar skyldu til ársreikningsskila er vísað í reglugerðardrögunum.

Ljóst má vera að starfsemi lögaðila, sem skráður er á sérstaka almannaheillaskrá, getur breyst eftir skráningu á þann veg að starfsemin fellur ekki lengur undir skilgreiningu á starfsemi til almannaheilla eða að þáttur atvinnustarfsemi í starfsemi lögaðilans rýfur þann þrönga stakk sem honum er skorinn. Í

Ijosi eftirlitshagsmuna kann ríkisskattstjóra því að vera þörf ársreikninga lögaðila skráðra á sérstaka almannaheillaskrá. Þeir eftirlitshagsmunir knýja engan veginn á um opinbera birtingu ársreikninga eða skilaskyldu til ársreikningaskrár. Í stað þess að gera skil ársreiknings að skilyrði fyrir skráningu á sérstaka almannaheillaskrá kann að vera ástæða til mæla fyrir um að lögaðilar skráðir á þá skrá skuli árlega standa ríkisskattstjóra (Skattinum) skil á ársreikningi í þágu eftirlitshagsmuna, með því að auka við 9. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 málslið sem gæti hljóðað: Til upplýsinga um starfsemi sína skal lögaðili senda Skattinum ársreikning sinn, og samstæðureikning ef við á, fyrir lok maímánaðar næsta árs eftir lok viðkomandi reikningsárs.

Samkvæmt gildandi ákvæði 9. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 skulu um skráningu á sérstöku almannaheillaskrána gilda, eftir því sem við á, ákvæði VII. kafla laga nr. 119/2019, um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri. Þar er mælt fyrir um skyldubundna skráningu á almannaheillafélagskrá sem myndar þátt í fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá. Ákvæði um þá skráningu geta ekki á nokkurn hátt átt við um sérstaka almannaheillaskrá sem ríkisskattstjóri (Skatturinn) heldur sem skattyfirvald. KPMG gerir tillögu um að við frumvarpsdrögin verði aukið ákvæði þar sem lagt er til að fella brott úr 9. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 málsliðinn: Ákvæði VII. kafla laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, nr. 119/2019, gilda um skráningu lögaðila í almannaheillaskrána eftir því sem við á.

Í frumvarpsdrögunum er lagt til það skilyrði fyrir skráningu lögaðila á sérstaka almannaheillaskrá „að ekki sé um að ræða vanskil eða áætlanir skatta, skattsekta, gjalda og skýrsluskila“. KPMG leggur til að skilyrði þetta verði fellt brott úr frumvarpsdrögunum. KPMG telur rétt er að skilyrði skattundanþágu séu efnisleg og ráðist af starfsemi lögaðila og ráðstöfun hans á fé. KPMG telur rangt að binda efnisatriði undanþágu þvingunarúrræðum í því augnamiði að knýja fram greiðslu skulda og skýrsluskil.

Virðisaukaskattur við umboðssölu

Í 8. gr. frumvarpsdragananna er lagt til að við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, verði aukið nýrri grein, 10. gr. a, svohljóðandi:

„Skattaðila, sem móttækur notað verðlítið lausafé frá einstaklingi utan rekstrar til umsýslu- eða umboðssölu, er heimilt að miða skattverð við sölubóknun samkvæmt samningi þeirra á milli, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a. *Við afhendingu notaðs lausafjár til umsýslu- eða umboðsaðila lýsi eigandi þess skriflega yfir að sala þess sé ekki liður í atvinnustarfsemi hans eða sjálfstæðri starfsemi og að lausafjárins hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja það aftur með hagnaði*
- b. *Söluverð einstaks lausafjármunar nemi að hámarki 100.000 kr.*
- c. *Sölubóknun umsýslu- eða umboðsaðila nemi tilteknu hlutfalli af söluverði lausafjár eða tiltekinni fjárhæð samkvæmt samningi hans við einstakling.*
- d. *Samningur aðila og yfirlýsing eiganda lausafjárins skv. a-lið sé vistað meðal bókhaldsgagna skattaðila.“*

Í greinargerð frumvarpsdragananna kemur fram að tillaga þessi miðar að því að lögfesta skattframkvæmd sem tekið hefur til milligöngu um sölu á verðlíttu notuðu lausafé fyrir fólk utan atvinnurekstrar. Framkvæmdin er sú að þeim sem milligönguna hefur er ekki gert að innheimta virðisaukaskatt af söluverði lausafjárins, heldur er honum einvörðungu gert að innheimta virðisaukaskatt af þeirri þóknun sem hann krefur seljanda um fyrir milligönguna. Forsenda þessara skattframkvæmdar er að seljandinn hafi ekki með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi. Einnig er forsenda að söluskjöl gefi ekki á nokkurn hátt til kynna að sá sem milligönguna hefur sé eigandi lausafjárins eða að hann ábyrgist eiginleika hins selda gagnvart kaupanda.

Að mati KPMG koma forsendur þessarar skattframkvæmdar ekki nægjanlega skýrt fram í ákvæðinu sem lagt er til í frumvarpsdrögunum. Í fyrsta lagi kemur ekki glögg fram að ákvæðinu sé aðeins ætlað að taka til notaðs lausafjár. Í öðru lagi kemur ekki fram sú forsenda að söluskjöl megi ekki á nokkurn



hátt gefa til kynna að millgönguaðili sé eigandi lausafjárins eða að hann ábyrgist eiginleika hins selda gagnvart kaupanda. Raunar felst í orðalagi ákvæðisins að þessi forsenda er ekki gerð að skilyrði, því ákvæðinu er ætlað að taka bæði til umboðssölu og umsýslusölu. Hugtaksatriði umsýslusölu er að umsýslusali geri viðskiptagerning gagnvart kaupanda í eigin nafni en fyrir reikning umsýsluveitanda. Umsýslusalinn er skuldbundinn gagnvart kaupandanum. Í umboðssölu felst hins vegar að umboðssali geri viðskiptagerning gagnvart kaupanda í nafni umboðsveitanda og fyrir hans reikning. Að því gefnu að umboðssali fari ekki út fyrir umboð sitt er hann ekki skuldbundinn gagnvart kaupanda heldur aðeins umboðsveitandinn. Í þriðja lagi telur KPMG ástæðu til áskilnaðar um að eignadi lausafjárins sé ekki skráður á grunnskrá virðisaukaskatts þegar viðskiptin gerast. Í fjórða lagi telur KPMG orðið „verðlítið“ óþarft í ljósi þess að sett er skilyrði um hámarkssöluverð. Í fimmta lagi telur KPMG að skilyrði um hámark söluverðs taki ekki aðeins til einstakra eigna heldur einnig til eignasamstæðna. Orðið eignasamstæða er vel þekkt úr tekjuskattsframkvæmd liðinna áratuga, sbr. ákvæði 39. gr. laga nr. 90/2003, og nær til eigna sem keyptar eru saman og hafa sambætt notagildi, t.d. tölvu, skjár, lylaborð og mús.

KPMG gerir tillögum um að ákvæðið orðist svo:

Þeim sem tekur notað lausafé í umboðssölu frá einstaklingi utan rekstrar er heimilt að halda söluverði notaða lausafjárins utan skattverðs að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a. Eigandi notaða lausafjárins sé ekki skráður á grunnskrá virðisaukaskatts þegar salan á sér stað.
- b. Við töku notaðs lausafjár til umboðssölu geri eigandi þess og umboðssali með sér skriflegan samning um umboðssölu, þar sem eigandi lýsir því yfir að salan sé ekki liður í atvinnustarfsemi hans eða sjálfstæðri starfsemi og að lausafjárins hafi hann ekki aflað í þeim tilgangi að selja það aftur með hagnaði.
- c. Söluverð einstaks lausafjármunar eða samstæðu lausafjármuna nemi að hámarki 100.000 kr.

Þegar umboðssalinn gerir viðskiptinn upp við eiganda skal hann innheimta virðisaukaskatt af þóknun sinni fyrir umboðssölu, hvort heldur þóknunin ákvarðast sem hlutfall af söluverði eða með öðrum hætti.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.

